

hann gangi úr gildi á tímabilinu 1. október til febrúarloka.

utlöper i tiden 1. juni til 30. september.

33

19. júní

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir skrifað nafn sitt undir samkomulag þetta, sem er gert í tveimur eintökum á íslenzku og tveimur eintökum á norsku.

Til bekræftelse herav har undertegnede underskrevet denne overenskomst, som er ufterdiget i 2 eksemplarer på norsk og i 2 eksemplarer på islandsk.

Oslo, þann 17. september 1932.

Oslo, den 17. september 1932.

Fyrir Ísland:

Fyrir Noreg:

For Norge:

For Island:

Ólafur Thors.

T. Anderssen-Rysst.

T. Anderssen-Rysst.

Ólafur Thors.

Jón Árnason.

S. Johannessen.

S. Johannessen.

Jón Árnason.

Stefán Þorvarðsson.

Johan Askeland.

Johan Askeland.

Stefán Þorvarðsson.

L Ö G

34

19. júní

um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932 (Bifreiðaskattur o. fl.).

Vér Christian hinn Tiundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað orðanna „1 — eina — krónu“ í 1. gr. b. í lögunum komi: 50 aura.

2. gr.

Í stað „1931“ í 4. gr. laganna komi: síðastliðnum.

3. gr.

Fyrir „750“ í 7. gr. laganna komi: 250.

4. gr.

Í stað „ræktunarvegarsins“ í 8. gr. b.-lið komi: ræktunarveganna.

5. gr.

Á undan síðustu málsgr. 8. greinar laganna komi nýr stafliður, þannig:

d. Frá 1. jan. 1934 færirst hundraðshlutinn samkvæmt a-lið niður í 50%, en 15% af hvers árs tekjum skal þá verja til þess að malbika umferðarvegi í kaupstöðum og í verzlunarstöðum með fleiri en 300 íbúum, eða gera á þeim

34
19. júní

slitlag úr öðru varanlegu efni. Ráðherra ákveður með reglugerð skiptingu þessa fjár milli aðilja, og er heimilt að krefjast jafnmikils framlags í móti frá hlutaðeigendum. Að því leyti, sem þessi hluti skattsins verður ekki notaður árlega, skal geyma hann í sérstökum sjóði, er nefnist „sjóður til malbikunar á bæjarvegum“, í vörzlum atvinnuáráðuneytisins.

6. gr.

Orðin í 11. gr. laganna „og gilda til ársloka 1933“ falli burt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

35
19. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 frá 1921, um stimpilgjald.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Störmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Undanskildir stimpilgjaldi eru þó útdrættir úr skiptabók og önnur skjöl, er sýna eignayfirfærslu fasteigna, er lagðar hafa verið út erfingjum sem arfur, eða maka upp í búshelming hans (lóðseðlar), enda sé eigi samhliða um sölu eða um söluafsal að ræða.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1933.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 19. júní 1933.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.